



# Minnisblað

<b>Viðtakandi</b>	Allsherjar- og menntamálanefnd	<b>Dagsetning</b>	30. maí 2024
<b>Sendandi</b>	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	<b>Málsnúmer</b>	MVF24030087

## Viðbrögð ráðuneytis við innsendum erindum vegna bókmenntastefnu

Allsherjar- og menntamálanefnd bærust erindi frá ellefu aðilum vegna 940. máls, *Bókmenntastefnu fyrir árin 2024–2030*, frá menningar- og viðskiptaráðherra. Margir þessara aðila sendu einnig inn athugasemdir í samráðsgátt stjórnvalda og sumir hafa tekið þátt í að móta atriði í stefnunni frá því snemma í ferlinu.

Almennt má segja að allir aðilar fagni því að fram skuli komin bókmenntastefna og lýsi yfir stuðningi við þá framtíðarsýn sem þar er sett fram og þau meginmarkmið sem aðgerðir í aðgerðaáætluninni eiga að hverfast um. Athugasemdir lúta helst að útfærslu einstakra aðgerða og varla hægt að segja að kvartað sé yfir því að ákveðnar aðgerðir vanti í áætlunina.

Ráðuneytið vill áður en lengra er haldið ítreka þá afstöðu, sem látin var í ljós á fundi með nefndinni 22. maí sl., að verulegur samhljómur er með bókmenntastefnu og nýlegri þingsályktun um aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu fyrir árin 2024–2026 sem samþykkt var á Alþingi 8. maí sl. Áherslur á íslenskt mál, lestur, bókasöfn o.fl. koma fram á báðum stöðum og við undirbúning þessara gagna var stundum álitamál hvort aðgerð ætti fremur heima á öðrum staðnum en hinum. Í bókmenntastefnunni snýst aðgerð 2 um endurskoðun á því regluverki sem gildir um bæði um bókmenntir og íslenska tungu. Þar eru þó aðeins nefnd á nafn lög um bókmenntir, nr. 91/2007, og lög um stuðning við útgáfu bóka á íslensku, nr. 130/2018, en sannarlega er þar einnig átt við þau lög sem gilda um íslensku og íslenskt tákni: lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákni, nr. 61/2011, en einnig önnur lög og stjórnvaldsfyrirmæli sem fjalla um það efni eins og t.d. lög um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, nr. 40/2006, og afleidda reglugerð nr. 861/2008. Að því er stefnt í ráðuneytinu að birta í samráðsgátt stjórnvalda áformaskjöl varðandi þessa endurskoðun um mitt ár að því er varðar regluverk um íslenska tungu og seinna á árinu varðandi bókmenntir.

Í öllum innsendum erindum koma fram mjög gagnlegar athugasemdir sem nýtast munu ráðuneytinu vel í framangreindri vinnu. Sumar ábendingarnar snúast um hvernig sníða megi vankanta af núverandi regluverki og jafnframt tillögur að nýjum og betri útfærslum. Í nokkrum tilfellum óska umsagnaraðilar eftir því að þeim sjálfum eða öðrum verði bætt við sem samstarfsaðilum að einstökum aðgerðum. Rétt er að ítreka það sem kemur fram í bókmenntastefnunni sjálfri að nefnd eru *dæmi* um samstarfsaðila en þar er ekkert kemur í veg fyrir að samstarfsaðilum verði bætt við á síðari stigum. Því er fagnað að umsagnaraðilar skuli bjóða fram krafta sína.

Sem dæmi um mögulegar útfærslur má nefna að aðgerð 3, *Bætt töfræði um bókaútgáfu á Íslandi*, er í stefnunni sett á ábyrgð Miðstöðvar íslenskra bókmennta. Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn gerir athugasemd við þetta og bendir á að þetta ætti að vera á könnu safnsins og Landskerfis bókasafna því öll önnur þjóðbókasöfn hafi þessar skyldur. Bókasafnaráð imprar einnig á þessu. Landskerfi bókasafna í sinni umsögn bendir hins vegar á að eðlilegast væri að Hagstofa Íslands fengi það hlutverk að halda utan um grunntölfræði vegna þessa. Í lýsingu á aðgerðinni kemur hins vegar fram að Miðstöð íslenskra bókmennta verði falið að leiða vinnu við að skilgreina lykiltölfræði í samvinnu við hagaðila, þar á meðal alla framangreinda aðila. Þegar það liggur fyrir er rétt að taka afstöðu til þess hvort best sé að halda utan um þá

vinnu á Landsbókasafninu, Hagstofunni eða hjá Miðstöðinni. Það er útfærsluatriði sem ekki er höggvið í stein á þessum tímapunkti.

Bókasafnaráð gerir athugasemd við að það sé ekki ábyrgðaraðili að aðgerð 9. Þar er um að ræða verkefni sem snýst um sköpun nýrra verkefna sem byggja á íslenskum sagnaarfi og höfði sérstaklega til barna og ungmenna. Þess vegna er um að ræða miðlun á nýjum sköpunarverkum en ekki eiginleg miðlun á hinum forna sagnaarfi. Þarna er því um misskilning að ræða. Í athugasemd við aðgerð 14 bendir bókasafnaráð sömuleiðis að það ætti að vera meðal ábyrgðaraðila. Þeirri aðgerð er ætlað að koma á tengslum milli þeirra aðila sem nefndir eru sem samstarfsaðilar með Miðstöð íslenskra bókmennta sem ábyrgðaraðila. Um er að ræða litlar stofnanir sem vinna hver í sínum landshluta oft einangrað starf sem tengist íslenskum bókmenntum, íslenskum skáldum og íslenskum sögustöðum. Þessar stofnanir hafa ekki haft með sér formlegt samstarf áður og markmiðið með aðgerðinni er að koma því á, meðal annars eftir áskorun frá þeim sjálfum. Hér gætir því einnig misskilnings.

Stofnun Árna Magnússonar gerir athugasemd við aðgerð 13 sem snýst um að leita leiða til að efla útgáfustarfsemi óhagnaðardrifinna félaga. Það er ekki markmið að aðgerðin styðji við stofnanir sem þegar eru á fjárlögum og því er orðalagið eins og raun ber vitni. Varðandi athugasemd við 14. lið er það rétt og góð ábending að Árnastofnun hafi verið í virku samstarfi við menningarstofnanir um miðlun menningararfs og treyst er á að svo verði áfram. Gert er ráð fyrir að ábyrgðin hvíli eftir sem áður hjá Miðstöð íslenskra bókmennta til að leiða samtal samstarfsaðilanna þar sem inntakið er hagnýting frekar en fræðileg nálgun. Árnastofnun óskar eftir nánari skýringu á aðgerð 15. Því er til að svara að gert er ráð fyrir að búið verði til gagnagrunnur sem miðlað getur verkum í höfundarrétti með sérstöku leyfi til notkunar í þróun kennsluforrita eða appa, t.d. vegna tungumálanáms eðs lestrarkennslu. Ef tekið er dæmi af heilu skáldverki þá væri t.d. hægt að leyfa notkun á örfáum blaðsíðum í þessu skyni án endurgjalds og gæti afurðin þá nýst bæði sem auglýsing og efni til að miðla fróðleik. Kallað hefur verið eftir gögnum af þessu tagi. Benda má á að vefsvæði eins og Amazon nýta svona gögn mikið. Þar getur fólk t.a.m. lesið fyrstu síður ákveðins verks áður en ákveðið er að festa kaup á því. Ráðuneytið fagnar svo því að Árnastofnun taki vel í að taka þátt í að vinna ásamt ráðuneytinu og fleiri aðilum að framtíð orðabókargerðar á landinu. Hún hefur breyst mikið á undanförunum árum með tilkomu máltækni, internetsins og breytts útgáfufyrirkomulags. Ljóst þykir að framtíð orðabóka sé rafræn en stefna þarf helstu sérfræðingum á þessu sviði saman og leggja línurnar.

Hagþenkir bendir í erindi sínu á gagnsemi þess að stofna sérstakt bókaráð að danskri fyrirmynd. Hugmyndin er góð og vel þess virði að skoða í framhaldinu. Þá er ábending um að launasjóður höfunda barna- og ungmennabóka ætti einnig að taka til höfunda sem skrifa fræðirit fyrir sama markhóp rétt en krefst engra breytinga á aðgerðinni sjálfri. Eins og hún stendur útilokar hún ekki þennan hóp.

Aðrar þarfar ábendingar snúa að því huga þurfi að þeim lesendahópi sem ekki hefur íslensku að móðurmáli, enda hafi verið mikil gróska og gerjun meðal innflytjenda undanfarin ár. Einnig að því að huga þurfi betur að fyrirkomulaginu kringum endurgreiðslur vegna útgáfu bóka á íslensku þar sem þar hefur fé þrotið áður en styrkarið er úti og hefur þurft að fjármagna viðbætur síðla árs undanfarin ár. Á það má þó benda að verkefnið hlaut varanlega hækkun á síðasta ári og að endurgreiðslukerfið komi allt til endurskoðunar á næstunni, sbr. aðgerð 2.

Félag íslenskra bókaútgefenda gerir athugasemd við 4. aðgerð sem snýst um mat verði gert á kostum fastverðsfyrirkomulags í bóksölu eða hvort setja eigi tímaskorður á sölu bóka gegnum áskriftarleiðir streymisveitna. Ráðuneytið leggur áherslu á að um fýsileikakönnun er að ræða en engin ákvörðun liggur fyrir og er alls ótímabær. Nýleg lög þess efnis hafa sannarlega verið sett í Noregi, einu Norðurlandanna. Á það má hins vegar benda að margar þjóðir í Evrópu búa við fastverðsfyrirkomulag í bóksölu og hafa gert lengi, t.d. öll stærstu löndin í Evrópu fyrir utan Stóra-Bretland. Þannig hafa bæði Þýskaland, Frakkland,

Spánn og Ítalía slíkt fyrirkomulag hjá sér og margar smærri þjóðir einnig. Útfærslan er hins vegar mjög mismunandi eftir löndum og ábyrgðarlaust af hálfu ráðuneytisins að skoða það ekki. Skýrsla sem skrifuð var fyrir samtök útgefenda í Noregi, systurfélag FÍBÚT, árið 2021 bendir til þess að fastverðsfyrirkomulag geti stuðlað að bættum bókamarkaði, dregið úr samþjöppun, tryggt betri rekstur meðal bóksala og stuðlað að auknum lestri.

Í samanteknum orðum má segja að ráðuneytið fagni mörgum mjög góðum ábendingum í aðsendum erindum. Unnið verður úr þeim í áframhaldandi vinnu. Ekki er þó lagt til að breytingar verði gerðar á þingsályktunartillögunni vegna þeirra.